

**2. fundur notendaráðs fatlaðs fólks á Vestfjörðum
haldinn á skrifstofu velferðarsviðs í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn
16. apríl 2026 og hófst hann kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Ingibjörg S. Snorra Hagalín, Harpa Björnsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Jenný Lára Magnadóttir, Anna María Guðjónsdóttir og Ástþór Skúlason.

Embættismenn:

Póra Marý Arnórsdóttir og Margrét Geirsdóttir.

Fundargerð ritaði: Póra Marý Arnórsdóttir, deildarstjóri málefna fatlaðra.

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, starfsmaður ÖBÍ, sat allan fundinn. Þorgeir Pálsson, varafulltrúi Stranda og Reykhólahrepps mætti ekki til fundar.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál fatlaðra á Vestfjörðum - 2025110205

Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar mætti til viðræðna um húsnæðismál fatlaðra. Hann kynnti mögulegar staðsetningar nýbygginga á Ísafirði.

Notendaráð þakkar kynninguna og hvetur til þess að þarfagreiningu í húsnæðismálum fatlaðra á Vestfjörðum verði hraðað eins og kostur er. Þá verði leitað til Proskahjálpar og Brynju hússjóðs um byggingu húsnæðis sem hentar fötluðum.

2. Aðgengismál á Vestfjörðum - 2025110205

Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar mætti til viðræðna um stöðu aðgengismála í Ísafjarðarbæ. Einnig rætt almennt um aðgengismál á Vestfjörðum.

Notendaráð þakkar kynningu frá sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs. Notendaráð hyggst senda bréf á sveitarfélög og þjónustuaðila með fyrirspurn um aðgengismál.

Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs vék af fundi eftir umfjöllun um lið 2.

3. Forvarnarstefna Ísafjarðarbæjar 2025 - 2025030036

Lögð fram til kynningar drög að forvarnarstefnu Ísafjarðarbæjar.

Lagt fram til kynningar.

4. Samtal notendaráðs við Rúnar Björn Herrera Þorkelsson frá ÖBÍ um hlutverk ráðsins - 2025110205

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson frá ÖBÍ mætti til fundar við ráðið til umræðna um notendaráð og hlutverk þess.

Rúnar Björn leggur áherslu á að sveitarstjórnir geri sér grein fyrir ríku hlutverki fulltrúa sinna í notendaráði. Tenging við fatlaða íbúa sveitarfélagsins skiptir máli

2. fundur notendaráðs fatlaðs fólks á Vestjörðum

og virðing fyrir hlutverki notendaráðs sem baráttuaðila fyrir sjálfsögðum lögbundnum réttindum fatlaðra. Notendaráð hyggst boða nýja bæjar- og sveitarstjóra til fundar við ráðið til þess að kynna þeim hlutverkið og mikilvægi þess. Notendaráðið hyggst funda í Vesturbyggð í september næstkomandi og mun þá óska eftir fundi með bæjarstjórn Vesturbyggðar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:15

Ingibjörg S. Snorra Hagalín

Harpa Björnsdóttir

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Jenný Lára Magnadóttir

Anna María Guðjónsdóttir

Ástþór Skúlason

Þóra Marý Arnórsdóttir

Margrét Geirsdóttir